

9. fundur

Fimmtudaginn 14. desember 2006 kom byggðaráð Langanesbyggðar saman til fundar í fundarstofu Langanesbyggðar að Fjarðavegi 3 á Þórshöfn.

Mættir voru: Sigurður Ragnar Kristinsson, formaður, Siggeir Stefánsson, og Þórir Jónsson auk Björns Ingimarssonar, sveitarstjóra.

Fundur hófst kl. 12:15.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á fundinn og óskaði eftir leyfis til breytingar á dagskrá þannig að einungis yrðu teknir til afgreiðslu liðir 2,3,4 og 5 á auglýstri dagskrá að viðbættum nýjum lið “ Málefni Björgunarsveitarinnar á Bakkafirði “. Öðrum liðum verði frestað til næsta fundar. Samþykkt með tveimur greiddum atkvæðum.

Dagskrá.

1. Mál. Byggðakvóti. Krafa um leiðréttingu vegna Bakkafjarðar, 2004 – 2006.

Vegna framkominna upplýsinga um úthlutun byggðakvóta til Bakkafjarðar hafi verið stórlega ábótavant, og að ekki hafi verið tekið tillit til framlagðra upplýsinga um vistun aflamarks á staðnum sem þegar hafði verið selt til annars landshluta, styður byggðaráð langanesbyggðar þá kröfu að úthlutun til Bakkafjarðar vegna fiskveiðitímabilana 2004 -2005 og 2005 – 2006 verði leiðrétt með sérstakri úthlutun vegna fiskveiðiársins 2006 – 2007.

Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri við Sjávarútvegsráðherra, þingmenn kjördæmisins og Byggðastofnun. Samþykkt samhljóða.

2. Mál. Gunnólfur ehf vegna Byggðastofnunar.

Byggðaráð Langanesbyggðar beinir því til stjórnar Byggðastofnunar að stofnunin komi að fjárhagslegri endurskipulagningu fyrirtækisins Gunnólfs ehf á Bakkafirði enda gefi framtíðarhugmyndir forráðamanna fyrirtækisins tilefni til, að ætla að rekstur þess verði arðvænlegur til lengri tíma lítið. Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri við Byggðastofnun. Samþykkt samhljóða.

3. Mál. Póstafgreiðsla á Bakkafirði.

Byggðaráð Langanesbyggðar ítrekar ályktun sína frá 26. október 2006 varðandi fyrirhugaða lokun póstafréttisla á Bakkafirði. Jafnframt lýsir byggðaráðið yfir furðu sinni vegna þeirrar lítilsvirðingar sem heimamönnum er sýnd með þeirri ákvörðun Íslandspósts að loka afgreiðslunni þrátt fyrir að vakin hafi verið athygli á því að verið væri að vinna að lausn verslunarmála á staðnum en samrekstur póstafréttisla og verslunar gegnir veigamiklu hlutverki í áframhaldandi verslunarrekstri þar. Byggðaráð lýsir vonbrigðum með að Póst- og fjarskiptastofnun skuli kjósa að samþykkja erindi Íslandspósts þrátt fyrir fram komnar athugasemdir sveitarstjórnar.

Vakin er athygli á því að samkvæmt hugmyndum Íslandspósts á að loka afgreiðslunni um n.k. áramót en þó hefur fyrirtækið ekki enn séð sóma sinn í að kynna þær fyrirætlanir fyrir viðskiptavinum þess á Bakkafirði. Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri við Íslandspóst, Póst- og fjarskiptastofnun og þingmenn kjördæmisins. Samþykkt samhljóða.

4. Mál. Lánasjóður sveitarfélaga. Sameining skuldabréfalána.

Byggðaráð Langanesbyggðar samþykkir fyrirbyggjandi lánasamning og vísar honum til endanlegrar afgreiðslu í hreppsnefnd. Samþykkt samhljóða.

5. Mál. Málefni björgunarsveita á svæðinu,.

Byggðaráð Langanesbyggðar beinir því til þeirra aðila er hafa með að gera yfirstjórn björgunarmála í landinu að þess verði gætt í tengslum við endurskipulagningu á starfsemi björgunarsveita á svæðinu frá Vopnafirði að Þórshöfn , að fyllstu öryggissjónarmiðum verði mætt.

Sveitarstjóra falið að koma framangreindu á framfæri við björgunarsveitirnar Hafliða og Vopna auk Landsbjargar. Samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:35.

Björn Ingimarsson, ritari.